

# 02. fundur stjórnar Siðmenntar

8. febrúar 2024 | Zoom | kl: 16:30

Mætt:

**Í fjarfundartengingu:** Inga Auðbjörg Straumland, Hope Knútsson, Sigurður Rúnarsson, Arnar Snæberg Jónsson, Helga Bára Bragadóttir, Mörður Árnason, Kristín Helga Schiöth, Kristín Sævarsdóttir og Eyjólfur Örn Snjólfsson framkvæmdastjóri.

**Fundargerð ritar:** Eyjólfur Örn Snjólfsson, framkvæmdastjóri.

## Dagskrá

### 1. Vinnuhelgi 10. - 11. febrúar

Stjórnin ásamt framkvæmdastjóra ætlar að taka góðan vinnudag laugardaginn 10. febrúar. Þau sem komast eru formaður, framkvæmdastjóri, gjaldkeri, ritari og Helga Bára varamaður í stjórn.

### 2. Auglýsingaverkefnið

Búið er að ráðast í gerð auglýsingapakka fyrir borgaralegar fermingar. Verkefnið fékk flýtimeðferð og var ákveðið að framvegis verði öll stærri verk forunnin með meiri yfirvegum.

### 3. Solaris

Stjórn ákvað að styrkja Solaris - hjálparsamtök fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi um 500 þúsund í sinni baráttu og var það gert 9. febrúar.

### 4. STEF

Svar barst frá STEF varðandi stefgjöld. Gjald lækkar um 50% frá því sem upprunalega átti að innheimta. Niðurstaðan er um 200 þúsund á ársgrundvelli sem stjórn telur ásættanlega og sanngjarna niðurstöðu.

### 5. General Assembly Singapore

Stjórn samþykkir að senda formann á GA fund Humanists International.

## 6. Nordic meet 4.- 5. maí á Íslandi

Verður skipulagt betur í vinnuhelginni

## 7. Persónuvernd

Bryndís lögfræðingur sem hafði unnið málið með fyrrverandi framkvæmdastjóra kom á fund með skrifstofu. Málið er komið í góðan farveg og framkvæmdastjóri mun halda áfram vinnunni.

## 8. Samráðsvettvangur trú- og lífsskoðunarfélaga

Fundur verður 15. febrúar. Mörður mun sitja hann.

## 9. Aðalfundur

Búið er að auglýsa aðalfund sem verður 7. mars. Ársreikningur klárast bráðlega, vonandi í kringum miðjan mánuðinn.

Framkvæmdastjóri ath með rafrænar undirskriftir.

Manna þarf stöður.

Næsti fundur: Zoomfundur 29. febrúar fyrir aðalfund

## Ákvörðunarlisti

Atriði
Vinnuhelgi stjórnar og framkvæmdastjóra 10. febrúar
Solaris styrkt um 500 þúsund
Sátt með niðurstöðu í Stefsmáli
Formaður fer á GA fund í Singapore
Framkvæmdastjóri heldur áfram með persónuverndarmál

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands